



## **196. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands haldinn í Odda 26. sept. 2017 kl. 09:30.**

Mætt: Elín Einarsdóttir, Hólmsfríður Sigrún Gylfadóttir (fulltrúi foreldra), Ingvar Pétur Guðbjörnsson (gleymdi sér en var í sambandi í gegnum síma), Jón G. Valgeirsson, Jóna S. Sigurbjartsdóttir, Kristín Traustadóttir (var fjarverandi) Olga Lísu Garðarsdóttir, Sigursveinn Már Sigurðsson (fulltrúi kennara), Þórunn Ösp Jónasdóttir (fulltrúi nemenda) mætti ekki og Þórarinn Ingólfsson.

Olga Lísu setti fundinn og bauð fólk velkomið.

### **Dagskrá:**

#### **1. Upphaf annar – nemendatölur o.fl. - OLG**

Olga Lísu sagði frá upphafi annarinnar.

- Hún byrjaði á því að segja frá húsnæðismálum nemenda og kom fram í máli hennar að ekki hefði verið mikil eftirspurn eftir húsnæði. Nokkrir einstaklingar á Selfossi buðu fram herbergi til leigu. Umræður urðu um heimavist og hvernig hægt væri að leysa húsnæðismál þeirra sem koma lengst að. Spurning kom fram um hvernig nemendum af austursvæðinu hefði gengið að útvega sér húsnæði á skólaárinu.
- Auglýst var eftir kennurum í málm og rafmagn. Einn fékkst í málminn en enginn í rafmagnið. Sá sem fékkst í málminn er í kennsluréttindanámi. Nokkrir kennarar létu af störfum eftir að vorönn lauk og voru flestir þeirra komnir á aldur. Ekki voru ráðnir nýir kennarar vegna þeirra.
- Nemendur í dagskóla eru skráðir 763 í dag. Grunnskólanemendur í fjarnámi eru 23. Aukin aðsókn er í handboltaakademíuna á þessari önn og ganga hinar akademíurnar vel.
- Kennsla í fangelsunum gengur vel og er aðsóknin ágæt. Áhugi er á að auka verknám í fangelsunum. Stefnt er á að myndlist verði kennd í fangelsunum. Hörður Ásgeirsson sérkennari heldur væntanlega áfram að hitta nemendur í fangelsunum.
- Unnið er að námskrá skólans og þarf að koma áföngum og brautum inn í námskrárgrunninn.
- Verknámshúsið Hamar er farið að skila fleiri nemendum og nýtist nýja aðstaðan alltaf betur og betur. Nokkrir nemendur úr grunnskólum Árborgar sækja nám í rafmagnsdeildinni og hárgreiðslunni. Myndlistin er komin með veggjalistina inn í smiðjuna í Hamri. Málað er á spjöld sem eru þar á trönum.
- Kennarar hafa verið að skoða niðurstöður úr stofnun ársins og leita leiða til að bæta skólastarfið. Unnið er að ímynd skólans og reynt að koma henni á framfæri.
- Kynning fyrir foreldra nýnema var haldin 5. september hér í skólanum og gekk hún vel. Foreldrafélagið hefur haldið einn stjórnarfund og verður væntanlega fundur aftur í nóvember.
- Elín spurði um agamál og hvort mikið væri af vandamálum tengdum nemendum. Í svári stjórnenda kom fram að ekki væri mikið um vandamál en þó væru alltaf einhverjir sem ekki treystu sér til að fylgja reglum. Sérstaklega hefur verið glímt við notkun rafsígarettna og munntóbaks inni í skólanum.



## 2. SVÓT greining – samantekt - umræður

Rætt var aðeins um SVÓT greininguna og kom fram að gott væri að tengjast atvinnulífinu á einhvern hátt og vinna með þeim. Hvað nýtist atvinnulífinu best þ.e. hvaða menntun er hægt að bjóða upp á til þess að mæta atvinnulífinu? Vinna að einhverskonar nýsköpun er mikilvæg. Umræður sköpuðust um viðurkenningu námsins hjá atvinnurekendum. Hvað með garðyrkjuna?

## 3. Önnur mál

Mikilvægt er að fulltrúi nemenda mæti á fundi skólanefndar.

Næsti fundur er fyrirhugaður  
9. nóvember kl. 14:30

Fundi slitið kl. 11:00  
Fundarritari,  
Þórarinn Ingólfsson